

1504009 - Námskeið um forvarnir og aðgerðir gegn heimilisofbeldi.

Til : arnfridur@jafnretti.is
Frá : arnfridur@jafnretti.is
Heiti : 1504009 - Námskeið um forvarnir og aðgerðir gegn heimilisofbeldi.
Málsnúmer : 2015050008
Málsaðili : Jafnréttisstofa
Skráð dags : 29.04.2015 14:29:26
Höfundur : arnfridur@jafnretti.is

Sælt veri fólkið.

Er áhugi á Vestfjörðum fyrir námskeiði um forvarnir og aðgerðir gegn heimilisofbeldi?

Um námskeiðið:

Jafnréttisstofa í samstarfi við samstarfsteymi vegna heimilisofbeldis er að bjóða upp á námskeið víða um land fyrir starfsfólk félagsþjónustu, heilsugæslu, lögreglu, barnavernd og aðra sem vinna með heimilisofbeldi og afleiðingar þess. Einnig er framkvæmdastjórum sveitarfélaga, sveitarstjórnarfólki og öðrum sem málið varðar velkomið að sitja námskeiðin. Tilgangur námskeiðanna er að miðla þekkingu sem skapast hefur á Suðurnesjum í tengslum við verkefnið *Að halda glugganum opnum*.

Námskeiðið, sem tekur hálfan dag, er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Á námskeiðinu kynnir María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar í Reykjanesbæ, Suðurnesjaverkefnið og segir frá „Trappan“ sem er meðferðarúrræði fyrir börn sem búa við eða hafa búið við heimilisofbeldi. Meðferðarúrræðið er notað af fagaðilum félagsþjónustunnar víðs vegar í Svíþjóð og Finnlandi auk þess sem „Trappan“ hefur verið kennd á háskólastigi í Svíþjóð til margra ára. Jóhannes Jensson, fulltrúi frá lögreglunni á Suðurnesjum segir frá reynslu lögreglunnar af Suðurnesjaverkefninu og Páll Ólafsson, starfsmaður Barnaverndarstofu, segir frá reynslu Barnaverndarstofu af samstarfi lögreglu og barnaverndar. Einnig mun Sigprúður Guðmundsdóttir fræðslu- og framkvæmdastýra Kvænnaathvarfsins kynna starfsemi athvarfsins.

Námskeiðið fyrir Vestfirði yrði haldið á Ísafirði eftir miðjan maí og væri gott að heyra frá ykkur hvaða dagsetningar kæmu helst til greina.

Námskeiðið verður einungis haldið ef næg þátttaka fæst og því mikilvægt að koma upplýsingum til sem

flestra. Mér þætti því vænt um ef þið gætuð dreift bréfinu sem víðast meðal þeirra sem málið varðar. Þessi póstur var sendur á starfsfólk félagsþjónustu, heilsugæslu, barnavernd, lögreglu, sveitarstjóra og skólastjórnendur en ekki er tryggt að netfangalistarnir sem notaðir voru hafi verið tæmandi.

Einnig væri gott að heyra hvað brennur helst á ykkur svo taka megí það til umræðu á námskeiðinu.

Hlakka til að heyra frá ykkur.

Góð kveðja.

Arnfríður Aðalsteinsdóttir

Sérfræðingur á Jafnréttisstofu

Sími 460-6205